

# Skólaráð Garðaskóla

**Fundargerð 7. maí 2018**

**Fundur kl. 16.00-17.15 í stofu 214 í Garðaskóla**

**Mættir:** Helga Margrét og Sólveig Marý fulltrúar nemenda, Berglind Rós fulltrúi foreldra, Sigríður Ása og Þorkell fulltrúar kennara, Hildur Rudolfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Gunnar fulltrúi félagsmiðsöðvar, Ingibjörg Anna Arnardóttir aðstoðarskólastjóri og Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri (BS).

1. Fundargerðir frá 12. mars og 16. apríl bornar upp til samþykktar. Skólastjóri lagfærir minniháttar villur í fundargerð frá 12. mars.
2. Skólastjóri sagði frá því að 3.000.000 krónur væru á fjárhagsáætlun skólans árið 2018 til endurnýjunar á nemendaskápum. Skólinn hefur til viðbótar sótt um sambærilega upphæð næstu þrjú árin til að geta gert gagngera endurnýjun á skápunum. Unnið er að því að skoða úrval skápa og kalla eftir tilboðum. Umræða varð um hvers konar skápa ætti að kaupa inn, í stað þeirra sem þarf að endurnýja. Áhersla lögð á að skáparnir verði að líta vel út þar sem þeir eru mjög áberandi í ásynd skólans.
3. Skólastjóri sagði frá því að vegna atvika á lóð skólans í vetur yrði tveimur öryggismyndavélum bætt við til eftirlits á lóðinni. Unnið er að kaupum á vélunum og vali á staðsetningu og vonir standa til að vélarnar verði komnar upp fyrir skólaslit. Foreldrasamfélagið hefur kallað eftir þessari viðbót við eftirlitskerfið.
4. Fulltrúar nemenda sögðu frá hugmyndum sínum um að bjóða hafragraut til sölu á hóflegu verði í 20 mínútna hléi á morgnana. Slíkt yrði holl og góð viðbót við morgunverðarúrval hjá Skólamat. Umræða varð um málið. Nemendaráð og aðstoðarskólastjóri munu ræða við skólamat um mögulega útfærslu á sölu á hafragraut.
5. **Önnur mál:** Stutt umræða varð um spár um nemendafjölda næstu árin og stærð Garðaskóla..

Fundi slitið kl. 17.15